



Reikningar

Fjallabyggðar 2010

Skýringar með reikningum vísast einnig í
ársreikning og endurskoðunarskýrslu

Aðalsjóður og fyrirtæki bæjarfélagsins.

Sigurður Valur Ásbjarnarson
5/10/2011

Skýringar með reikningum ársins 2010

Yfirferð bæjarstjóra við síðari umræðu.

I. Inngangur.

Ágætu bæjarfulltrúar. Á þessum fundi verður farið yfir reikninga ársins 2010 og niðurstaðan borin saman við áætlun.

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var lögð fram til fyrri umræðu miðvikudaginn 15. desember 2009 og sú seinni fór fram 21. janúar 2010.

Á fyrri fundinum fór þáverandi bæjarstjóri yfir tillögur að fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir forsendum og niðurstöðum áætlunarinnar.

Heildartekjur voru áætlaðar á þeim tíma 1.519 mkr. en urðu 1.587 mkr.
Heildarútgjöld sveitarfélagsins voru áætluð á þeim tíma 1.521 mkr. en urðu 1.513 mkr.

Gerði sú áætlun ráð fyrir því að rekstrarniðurstaðan yrði neikvæð um 59 mkr.
En í reynd varð rekstrarniðurstaðan jákvæð um 34 mkr.

Veltufé frá rekstri fyrir a-hluta og b-hluta var áætlað 123 mkr. en varð 172 mkr.
Handbært fé í árslok 2010 var áætlað að yrði 187 mkr. en varð 248.4 m.kr.
Ekki var gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu og var við það staðið.

Rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar fyrir árið 2010 vegna A hluta sveitarsjóðs var áætlað að yrði jákvæð upp á 47 mkr. en varð 85 mkr.
„Ljóst er að komandi ár mun verður erfitt rekstrarár segir í bókun bæjarstjórnar og að gæta þarf sérstaks aðhalds í rekstri.“
Viðtakandi bæjarstjórn hefur gætt aðhalds og lagfært stöðuna umfram þær væntingar sem gerðar voru til áætlunar í upphafi árs.

Aðalsjóður

Útgjöld vegna rekstrar málaflokka færast undir aðalsjóð, og er rekstrarniðurstaðan jákvæð eins og áður segir.

Fræðslu- og uppeldismál er sá málaflokkur sem mestum útgjöldum er varið til og vísast hér í yfirlit á bls. 18 í reikningum bæjarfélagsins. Heildarfjárveiting til þessa stærsta málaflokks Fjallabyggðar varð 539.2 mkr. eða 46,3% af heildarskatttekjum aðalsjóðs.

Eignasjóður er sjálfstæð rekstrareining innan A-hluta sveitarfélagsins og er honum ætlað að sjá um rekstur fasteigna og nýbygginga ásamt kaupum og sölu eigna.

Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga (stofnana) sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi eininga og innheimtir af þeim leigu (innri leigu). Markmið með rekstri eignasjóðs er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni fylgir. Rekstrarniðurstaða eignarsjóðs var jákvæð um 11.3 mkr. en í áætlun var gert ráð fyrir tapi um 7.8 mkr.

Hafnarsjóður er einnig sjálfstæð rekstrareining en innan B-hluta sveitarfélagsins. Rekstrarniðurstaða hafnarsjóðs er 10.4 mkr. og er það mun betri útkoma en áætlun gerði ráð fyrir en gert var ráð fyrir 1.3 mkr. tapi.

Íbúðasjóður er sjálfstæð rekstrareining innan B-hluta sveitarfélagsins. Rúmlega 40 félagslegar íbúðir eru í eigu Íbúðasjóðs svo og dvalarheimilið Skálarhlíð með 30 leigurýmum.

Gert var ráð fyrir að tap yrði um 14 mkr. en reikningarnir gefa 9 mkr. tap til kynna.

Veitustofnun skiptist í þrjár einingar, þjónustumiðstöð, fráveitu og vatnsveitu og er sjálfstæð rekstrareining innan B-hluta sveitarfélagsins.

Tekjur veitustofnunar samanstanda af vatnsgjaldi, holræsagjaldi og þjónustutekjum.

Gert var er ráð fyrir því að rekstrarhalli yrði um 61 mkr en rauntölur gefa 52.5 mkr.

Framkvæmdir

Gert var ráð fyrir framkvæmdum upp á 163 mkr. í upphaflegri fjárhagsáætlun. En þær urðu 228 mkr. á árinu og var framkvæmdarliðurinn lagfærður við endurskoðun á áætlun ársins.

Stærstu framkvæmdirnar voru áætlaðar í endurbætur á sundlaugarsvæði í Ólafsfirði upp á 57 mkr. en urðu 118.8 mkr.

Götur, gangstéttar og plön upp á 26 mkr. en urðu 21.2 í götur og plön og í gangstéttar var varið 6.3 mkr.

Í bygging framhaldsskóla var gert ráð fyrir 15 mkr. en varð 17.4 mkr. og 14 mkr. í viðhald.

Í gámasvæði í Ólafsfirði var áætlað um 8.5 mkr. en varð 5.1 m.kr..

Rétt er nú að minna á að í 61. gr. samþykktu um fjárhagsáætlun og þar með reikninga bæjarfélagsins kemur fram m.a..

- *„Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess og að niðurstaða reikninga skuli rædd á tveimur fundum í sveitarstjórn með að lágmarki einnar viku millibili.“*

Reikningar ársins gefa til kynna að bæjarstjórn hefur náð ásættanlegri niðurstöðu í rekstri sveitarfélagsins. Við síðari umræðu hér í dag er m.a. endurskoðunarskýrslu Fjallabyggðar til skoðunar, en hún var tekinn til umræðu í bæjarráði og þar afgreidd.

Endurskoðendur eru á sama máli og bæjarstjórn þ.e. að rekstur Fjallabyggðar og staða eru í góðu jafnvægi.

II. Almenn atriði.

Tillaga að breytingum á áætlun 2010 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 13. október á s.l. ári af nýrri bæjarstjórn og voru skýringar settar fram á þeim fundi.

Í greinargerð núverandi bæjarstjóra koma m.a. fram þær breytingar sem gera þurfti á fyrri áætlun.

Vísast hér einnig í samantekt og skýringar fyrir A- og B-hluta sjá bls. 16 í ársreikningi bæjarfélagsins.

Framsetning fjárhagsáætlunar og reikninga.

Fjárhagsáætlun 2010 og reikningar ársins voru og eru hér settir fram í samræmi við bókhalds- lykil sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum, og felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A og B hluta í fjárhagsáætluninni.

III. Einstakir málaflokkar.

Í yfirferð við fyrri umræðu var farið yfir helstu markmið ársins og árangurinn borinn saman við niðurstöður ársreiknings í einstökum deildum.

Vísast hér og í samantekt og skýringar fyrir A- og B-hluta sjá bls. 8 í ársreikningi bæjarfélagsins.

Fjárfestingar í A-hluta voru 209.9 mkr og í B-hluta 37.9 mkr.

Lántaka varð engin á árinu 2010.

Afborganir lána í A-hluta voru 80.1 mkr. En í B-hluta voru greidd lán 14.5 mkr.

Handbært fé í árslok voru 270.2 mkr.

Vísast hér til reikninga á bls. 7 sjá sjóðstreymisýfirlit.

Niðurstaða.

Niðurstaða ársreikninga 2010 gefur til kynna að handbært fé verði í árslok betra en áætlun gerði ráð fyrir, að teknu tilliti til fjárfestinga.

Sjá bls. 7 um upplýsingar um sjóðstreymi.

Sjóðstreymið segir í raun allt sem segja þarf um rekstur bæjarfélagsins.

Heildareignir eru 3.456.639.- og heildar skuldir og skuldbindingar eru 1.738.578.-

Eigið fé er nú um 1.718.061.-

Veltufjárhlutfall A-hluta bæjarsjóðs er áætlað 2.44.

Veltufjárhlutfallið fyrir samstæðuna er 1.79.

Í lokin er rétt hér að minna á að margt jákvætt hefur verið að gerast í okkar bæjarfélagi og vísast hér í framkomnar eignaframkvæmdir og almennar skýringar.

Það sem stendur hinsvegar upp úr er áherslan á velferðarkerfi bæjarbúa og bæjarfélagsins, lág þjónustugjöld og umfram allt góðan vilja til að þjóna bæjarbúum sem best.

Niðurlag.

Bæjarstjórn stóð einhuga að endurskoðun á áætlun fyrir árið 2010. Reikningarnir eru í takt við þá áætlun, en útkoman er í raun heldur betri en þar var gert var ráð fyrir.

Ég vil nota hér tækifærið og þakka samstarfsmönnum mínum fyrir samstarfið og átak í að ná þeim megin markmiðum sem að var stefnt undir eftirliti og stýringu frá bæjarstjórn.

Sá einhugur innan stjórnarsýslunnar mun koma góðum málum í verk á kjörtímabilinu enda er fjárhags- og eignastaða Fjallabyggðar með ágætum.

Bæjarstjórn hefur verið samrýmd í að taka til í rekstri bæjarfélagsins og er það verk í góðum farvegi og vísast hér í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 sem unnin var um sl. áramót.

Bæjarstjórn hefur með áætlun sinni og þriggja ára áætlun samþykkt framtíðarsýn fyrir bæjarfélagið, langtímamarkmið og forgangsröðun verkefna.

Reikningar ársins 2010 er því góður grunnur til að byggja á næstu árin. Með þessum orðum og yfirferð er lagt til við bæjarstjórn að reikningar fyrir árið 2010 verði samþykktir.

Fjallabyggð 10.05.2011.

Virðingarfyllst.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri.